



Sjálfsmatsskýrsla og umbótaáætlun Vatnendaskóla
skólaárið 2007 – 2008

Efnisyfirlit

Inngangur	4
1. Aðferðafræði og framkvæmd.....	8
1.1 Starfsmannaviðtöl	8
1.2. Kaffihúsamat og SVÓT-greining	8
1.3 Spurningalistar	9
1.4 Rýnihópaviðtal við foreldra	10
2. Niðurstöður	11
2.1 Viðhorf starfsmanna til skólaársins 2007-2008.....	11
2.2 Viðhorf kennara til endurmenntunarnámskeiðs veturinn 2007-2008.....	14
2.3 Þarfagreining vegna námskeiðs 2008-2009	14
2.4 Upplifun og viðhorf foreldra	15
3. Umbótaáætlun og framkvæmd umbóta	17
3.1 Viðhorf starfsmanna til skólaársins 2007-2008.....	17
3.2 Einstaklingsmiðað nám	18
3.3 Námskeið um einstaklingsmiðað nám og náttúrufræði.....	18
3.4 Þarfagreining fyrir námskeið um einstaklingsmiðað nám með áherslu á náttúrufræði og útikennslu	19
3.5 Viðhorf foreldra.....	19
Viðauki 1 - Umbætur framkvæmdar eftir sjálfsmat 2005-2007.....	22
Fylgiskjal 1	26
Fylgiskjal 2	27
Fylgiskjal 3	29
Fylgiskjal 4	33
Fylgiskjal 5	34
Fylgiskjal 6	35

Fylgiskjal 7 38

Inngangur

Veturinn 2007-2008 voru 270 nemendur í Vatnsendaskóla í 1.-9. bekk. Starfsmenn voru 35. Skólastjóri Vatnsendaskóla er Guðrún Soffía Jónasdóttir.

Skólinn er einsetinn og skólaárinu er skipt upp í tvær annir sem enda með námsmati í desember/janúar og maí. Hver kennslustund er 40 mínútur. Kennsla hefst kl. 8:10 á morgnana og lýkur kl. 13:20 hjá 1. – 4. bekk, kl. 14:00 hjá 5. – 7. bekk og flesta daga kl. 14:40 á unglíngastigi.

Eftir að skóla lýkur á daginn er boðið upp á gæslu í Dægradvöl fyrir nemendur í 1. – 4. bekk. Dægradvöl er opin frá 13:20 – 17:15. Skrifstofa skólans er opin á virkum dögum frá kl. 8:00 – 16:00. Nánari upplýsingar um framkvæmd og skipulag skólastarfsins er að finna í sjálfsmatsskýrslu sem gefin var út í febrúar 2008 og í skólanámskrá Vatnsendaskóla.

Í Vatnsendaskóla hefur frá upphafi verið lögð sérstök áhersla á einstaklingsmiðað nám og kennslu í náttúrufræði og raungreinum með það í huga að nýta náttúruna í kringum skólann.

Í kjölfar kennarafundar á fyrsta starfsári setti matsteymi fram leiðarljós skólans. Í þeim kemur fram hvernig skóli Vatnsendaskóli eigi að vera:

- Skóli sem veitir nemendum sínum góða menntun og býr þá vel undir framtíðina.
- Skóli sem býður upp á fjölbreytta kennsluhætti og skapandi starf þar sem tekið er mið af þörfum hvers og eins.
- Skóli sem er sveigjanlegur og getur lagað sig að breyttum aðstæðum.
- Skóli þar sem virðing, vinátta og samvinna ráða ríkjum og öllum líður vel.
- Skóli þar sem sérstök áhersla er lögð á náttúrufræði og raungreinar, umhverfi skólans er nýtt til kennslu og borin er virðingu fyrir náttúrunni og umhverfinu.
- Skóli þar sem metnaður ríkir og áhersla er lögð á þróunarstarf og símenntun starfsfólks.
- Skóli þar sem ríkir jákvæður agi, nemendur fá skýr skilaboð og læri að taka afleiðingum gjörða sinna.
- Skóli sem leggur áherslu á gott samstarf við foreldra/forráðamenn og aðra í umhverfi skólans.

Til að ýta undir einstaklingsmiðun námsins var kennsluskipulagið fyrstu þrjú starfsárin með þeim hætti að nemendur í 1.-6. bekk voru í aldursblönduðum bekkjum þar sem tveir árgangar voru saman í bekk. Nemendum í 7.-9. bekk var raðað í bekki eftir árgöngum. Í 1.-6. bekk var samkennsla í öllum greinum nema íslensku og stærðfræði og skiptu kennarar þeirri kennslu á milli sín eftir sérþekkingu hvers og eins.

Þar sem skólinn leggur sérstaka áherslu á kennslu í náttúrufræði og stærðfræði hefur deildarstjóri yfir þeim greinum boðið umsjónarkennurum að koma í sérútbúna náttúrufræðistofu með bekkinn sinn. Þar eru unnin sérstök valin verkefni undir handleiðslu deildarstjóra. Í stærðfræði hefur deildarstjóri komið inn í umsjónarbakki með stærðfræðiver og stjórnað verklegri stærðfræðikennslu með umsjónarkennara.

Sjálfsmat skólans hefur þróast með skólanum frá upphafi. Matskýrsla fyrir fyrstu tvö starfsár skólans kom út í febrúar 2008 og í því mati var lögð áhersla á að skoða hvernig gengið hefði að koma á einstaklingsmiðuðu námi í skólanum og hvernig kennsluskipulagið, það er að segja árgangakennsla í íslensku og stærðfræði en samkennsla í öðrum greinum, væri að koma út. Einnig var skólabragurinn metinn og þá að mestu út frá líðan nemenda og starfsfólks og viðhorfum foreldra. Vorið 2008 fóru stjórnendur yfir það sem gert hafði verið varðandi þær ábendingar sem þar voru settar fram (sjá viðauka 1).

Í sjálfsmati skólans fyrstu tvö starfsárin kom í ljós að námið var ekki enn einstaklingsmiðað þó að ýmislegt væri í áttina og að kennarar voru margir óöruggir varðandi einstaklingsmiðunina. Einnig kom á daginn að kennararnir voru ekki allir með sömu sýn á einstaklingsmiðað nám. Í umbótaáætlun sem sett var fram fyrir tímabilið 2005 – 2007 var ákveðið að fá utanaðkomandi aðstoð til að efla þennan þátt skólastarfsins. Haustið 2007 var því farið af stað með endurmenntunarnámskeið í skólanum í samvinnu við Kennaraháskóla Íslands. Námskeiðið (sjá fylgskjal 1) náði yfir allan veturinn, frá ágúst 2007 til loka maí 2008 og komu leiðbeinendur með reglulegu millibili yfir skólaárið, ýmist með fyrirlestra eða til að stýra verkefnavinnu með kennurum. Markmið námskeiðsins voru að:

Efla þekkingu og umræðu um einstaklingsmiðað nám og fjölbreyttar kennsluaðferðir með sérstakri áherslu á náttúrufræði.

Skapa vettvang fyrir kennara skólans til að dýpka þekkingu sína á fjölbreyttum og áhugaverðum kennsluaðferðum og skiptast á hugmyndum og skoðunum er varða náttúrufræðinám barna.

Skapa vettvang fyrir kennara skólans til að þróa leiðir til að skipuleggja og bæta kennsluhætti í samræmi við hugmyndafræði skólans er varðar útikennslu og náttúrufræði.

Kynna áhugaverð verkefni úr öðrum skólum sem leggja áherslu á náttúrufræði.

Námskeiðið var metið í lok skólaárs með fyrirlögn opinna spurningakönnunar fyrir kennara skólans (sjá fylgiskjal 1).

Í framhaldi af endurmenntunarnámskeiði um einstaklingsmiðað nám og náttúrufræðikennslu fékk Vatnsendaskóli styrk til frekara þróunarstarfs á þessu sviði skólaárið 2008-2009. Yfirskrift verkefnisins er *“Einstaklingsmiðað nám með áherslu á náttúrufræði og útikennslu”* (sjá fylgiskjal 2). Með þessu verkefni er markmiðið að styrkja enn frekar áherslur Vatnsendaskóla á einstaklingsmiðað nám, náttúrufræði, stærðfræði og útikennslu. Ennfremur að tengja vinnu kennara markvisst við þá endurmenntun sem fram hefur farið í skólanum á þessu sviði.

Í þessari matsskýrslu er fjallað um sjálfsmat skólans veturinn 2007 -2008 og niðurstöður þess. Þar sem sjálfsmatsskýrsla fyrir fyrstu tvö skólaárin 2005-2007 leit ekki dagsins ljós fyrir en í febrúar 2008 var matið veturinn 2007-2008 hugsað sem framhald af því mati og áfram var verið að skoða þætti eins og einstaklingsmiðað nám og samkennslu og líðan starfsfólks og viðhorf þess til skólastarfsins. Starfsmannaviðtöl voru tekin við alla starfsmenn skólans.

Á haustönn 2007 fór fram svokallað kaffihúsamat þar sem starfsmenn tjáðu sig um ákveðna þætti skólastarfsins. Framkvæmd var svokölluð SVÓT – greining þar sem helstu styrk- og veikleikar er varða fagmennsku í skólanum voru metnir. Kennarar svöruðu spurningalista vorið 2008 þar sem spurt var um það sem vel hefur tekist á skólaárinu og það sem betur mætti fara. Einnig var spurt um kennslu í náttúrufræðistofu og stærðfræðiveri. Námskeið í einstaklingsmiðuðum kennsluháttum á vegum KHÍ var metið í lok skólaársins 2007-2008 og gerð þarfagreining fyrir starfsþróunarnámskeiðið sem farið var af stað með haustið 2008. Að lokum var hlustað eftir viðhorfum og upplifun foreldra barna í þeim bekkjum sem ekki var samkennsla, það er að segja foreldrum barna í 7.-9. bekk.

Í matsteymi Vatnsendaskóla veturinn 2007-2008 voru Guðmundur Freyr Sveinsson aðstoðarskólastjóri, Margrét Jóna Jónsdóttir þroskaþjálfari, Halla María Ólafsdóttir kennari,

Lovísa Hannesdóttir kennari, Ásdís Jónsdóttir kennari sem hætti um áramót og Sóley Ásta Karlsdóttir kennari. Matsfyrirtækið Ísmat ehf. ráðlagði matsteyminu varðandi skýrsluskrif, umbóta- og matsáætlanir.

Þær matsspurningar sem lagt var að stað með í matinu veturinn 2007-2008 voru:

- Hver eru viðhorf starfsmanna til skólaársins 2007-2008?
- Hvernig hefur kennurum gengið að framfylgja stefnu skólans um einstaklingsmiðað nám á skólaárinu?
- Hvernig hefur starfsfólki skólans liðið í vinnunni?
- Hvað telja kennarar að hafi tekist vel á skólaárinu og hvað hefði mátt fara betur (t.d. varðandi samstarf og upplýsingaflæði)?
- Hvert er viðhorf kennara til kennslu í náttúrufræðistofu og stærðfræðiveri?
- Hvað telja starfsmenn vera styrkleika, veikleika, tækifæri og ógnanir varðandi fagmennsku í skólanum?
- Hvernig hefur tekist til með endurmenntunarnámskeið í einstaklingsmiðuðum kennsluháttum með áherslu á náttúrufræðikennslu?
- Hvernig námskeið telja kennarar best að halda í framhaldinu?
- Hvert er viðhorf foreldra til skólans og helstu þátta í skólastarfinu þar sem um árgangakennslu er að ræða, (7.-9. bekkur)?

1. Aðferðafræði og framkvæmd

Sjálfsmat Vatnsendaskóla veturinn 2007-2008 er byggt á eigindlegri (qualitative) aðferðafræði. Þrjú stuttir spurningalistar voru lagðir fyrir kennara, rýnihópaviðtal tekið við foreldra barna í 7.-9. bekk og viðtöl tekin við alla starfsmenn. Einnig tóku flestir starfsmenn skólans þátt í svokölluðu kaffihúsamati og SVÓT-greiningu á skipulagsdegi.

1.1 Starfsmannaviðtöl

Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri raungreina tóku viðtöl við alla starfsmenn skólans á vorönn 2008. Skólastjóri tók þrettán viðtöl og aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri tóku níu viðtöl hvor. Viðtölin voru tekin í febrúar og mars. Til viðmiðunar fyrir viðtölin voru eyðublöð fyrir starfsmannaviðtöl sem gefin eru út af Kópavogsbæ (sjá fylgiskjal 3). Starfsmenn fengu eyðublaðið í hendur með góðum fyrirvara og áttu að undirbúa sig með því að fylla út mat á eigin frammistöðu í starfi og skila til stjórnenda daginn fyrir viðtal. Stjórnendur undirbjuggu sig fyrir viðtölin með því að fara sameiginlega yfir veikleika og styrkleika hvers starfsmanns til að geta gefið starfsmönnum endurgjöf á frammistöðu sína. Í viðtalinu voru teknir fyrir þættir eins og verkefni/ábyrgðarsvið, vinnustaðurinn og vinnuaðstaða, samskipti á vinnustað, stjórnun, starfþróun og fræðsla og starfsmaðurinn sjálfur og líðan hans auk frammistöðumats. Kennarar voru sérstaklega spurðir um hvernig gengi að einstaklingsmiða námið og spurt var um líðan hvers starfsmanns. Hvert viðtal tók um það bil hálf klukkustund. Stjórnendur skráðu hjá sér helstu niðurstöður hvers viðtals og fjallað var um þær á stjórnendafundum jafnóðum. Rétt er að taka fram að það voru stjórnendur sjálfir sem tóku þessi viðtöl og ber að skoða niðurstöður með hliðsjón af því.

1.2. Kaffihúsamat og SVÓT-greining

Á kaffihúsafundi (rýnihópar) á skipulagsdegi þann 14. nóvember 2007 voru fjórir þættir skólastarfsins metnir af starfsmönnum skólans. Einnig var framkvæmd SVÓT-greining á fagmennsku í skólanum en SVÓT stendur fyrir styrkleikar, veikleikar, ógnanir og tækifæri.

Umræðuefnin voru:

Samstarf kennara þar sem spurt var: Hvernig nýtist skipulagður tími til samstarfs kennara utan kennslustunda?

Upplýsingaflæði í skólanum þar sem spurt var: Hvernig er upplýsingaflæðið innan skólans?

Líðan í starfi þar sem spurt var: Hvernig er líðan ykkar í starfi og hvað hefur áhrif á hana?

Fagmennska í kennslu þar sem fyrirælin voru: Gerið stutta SVÓT greiningu á fagmennsku í skólanum. Hverjir eru helstu styrkleikar skólans, veikleikar, ógnanir og tækifæri?

Í greiningunni tóku þátt kennarar, stuðningsfulltrúar og þroskaþjálfar. Starfsmönnum var skipt tilviljanakennt í fjóra hópa og voru sex til sjö einstaklingar í hverjum hópi. Starfsmenn í sjálfsmatsteymi skiptu sér niður á hópana og stjórnðu umræðunni, lögðu fyrir spurningarnar og skráðu niðurstöður í tölvu. Hver hópur fékk um það bil 45 mínútur til umræða þannig að um 10-15 mínútur tók að ræða hvern þátt. Stjórnendur skólans komu ekkert að þessari gagnaöflun og héldu sig fjarri. Í lokin voru niðurstöður kynntar fyrir öllum hópnum. Matsteymið tók síðan niðurstöðurnar saman á næsta matsfundi.

1.3 Spurningalistar

Viðhorf kennara til skólastarfsins

Í lok skólaárs 2007-2008 var lögð opin spurningakönnun fyrir kennara skólans þar sem leitað var eftir viðhorfum kennara til skólastarfsins (sjá fylgiskjal 4). Tólf kennarar af 22 svöruðu. Svarhlutfall var því tæp 55%.

Kennarar voru spurðir álit á því hvað tekist hefði vel á skólaárinu og hvað hefði mátt fara betur. Einnig var spurt um hvað vantaði helst í skólastarfið og viðhorf til kennslu í náttúrufræðistofu og til stærðfræðivers.

Uppgjör á endurmenntunarnámskeiði 2007-2008

Námskeiðið var metið í lok skólaárs með fyrirlögn opinnar spurningakönnunar fyrir kennara skólans (sjá fylgiskjal 1). Spurt var um álit svarenda á því hvernig tekist hefði að ná markmiðum námskeiðsins, um gagnsemi námskeiðsins og hvað hefði mátt fara betur. Fjórtán kennarar af 22 svöruðu og var svarhlutfall því tæp 64%.

Greining á þörfum fyrir nýtt endurmenntunarnámskeið

Í lok vetrar 2007-2008 var unnin þarfagreining meðal kennara sem fólst í að skoða væntingar þeirra og óskir um áherslur á væntanlegu endurmenntunar- og starfsþróunarnámskeiði skólaárið 2008-2009 (sjá fylgiskjal 5). Lögð var fyrir spurningakönnun með opnum spurningum. Fjórtán kennarar af 22 svöruðu og var svarhlutfall því tæp 64%. Kennarar voru spurðir hvaða efnisþætti þeim þætti mikilvægt að taka fyrir á námskeiðinu og einnig var spurt um hvaða fyrirkomulag væri æskilegast.

1.4 Rýnihópaviðtal við foreldra

Rýnihópaviðtal við foreldra barna í 7.-9. bekk var tekið í fundarherbergi Vatnsendaskóla fimmtudaginn 29. maí 2008 frá klukkan 17:00 til 18:00. Tveir starfsmenn matsfyrirtækisins Ísmats ehf. önnuðust framkvæmd og úrvinnslu viðtalsins fyrir Vatnsendaskóla. Stjórnendur skólans ákváðu að fá tvo fulltrúa foreldra úr hverjum bekk í 7.-9. bekk í viðtalið, einn föður og eina móður. Tilviljun réði vali á fulltrúum hvers bekkjar þar sem nöfn nemenda voru dregin út og til skiptis skráð nafn föður og móður. Tveir varafulltrúar voru ennfremur dregnir út hjá hverjum bekk. Erfiðlega gekk að fá foreldra í viðtalið og þurfti því að draga nokkrum sinnum. Alls mættu níu foreldrar í viðtalið, fimm mæður og fjórir feður.

Spurt var opinna spurninga um skólastarfið almennt veturinn 2007-2008, svo sem um samstarf heimila og skóla, skólabrag og viðmót, nám, kennslu og námsmat og helstu styrk- og veikleika skólans. Þátttakendur fengu einnig að tjá sig um málefni sem brunnu á þeim. Viðtalið var tekið upp og afritað orðrétt. Niðurstöður voru síðan greindar í þemu samkvæmt aðferðafræði eigindlegra rannsókna.

2. Niðurstöður

2.1 Viðhorf starfsmanna til skólaársins 2007-2008

Einstaklingsmiðað nám

Niðurstöður er varða einstaklingsmiðað nám voru fengnar úr starfsmannaviðtölum:

Kennarar voru ánægðir með áherslu skólans á einstaklingsmiðað nám og samhugur var í hópnum að halda áfram á þeirri braut. Fram kom að það gætir þó enn óöryggis meðal kennara með hvað einstaklingsmiðað nám er og létu kennarar í ljós ánægju með að haldið yrði námskeið fyrir þá sem tæki sérstaklega á þessum þætti. Einkum voru það kennarar á yngsta- og miðstigi sem létu í ljós óöryggi en það kom ekki fram hjá kennurum á unglíngastigi enda starfsumhverfi þeirra um margt ólíkt því sem er á yngri stígunum. Sérgreinakennurum fannst þeim ganga vel að vinna með nemendum á einstaklingsforsendum.

Sem kosti við einstaklingsmiðað nám nefndu kennararnir að það minnkaði þörfina á sérkennslu en á móti kallaði það á fámenna bekk.

Líðan starfsmanna

Niðurstöður varðandi líðan starfsmanna voru fengnar úr starfsmannaviðtölum og kaffihúsamati:

Fram kom bæði í kaffihúsamatinu og í starfsmannaviðtölunum að starfsmönnum virðist líða mjög vel í skólanum. Þeir nefndu að starfsandinn væri góður, starfsfólkið jákvætt, aðbúnaður almennt góður og andrúmsloftið á starfsmannastofu væri vinsamlegt. Ennfremur var tekið fram að samvinna og samskipti væru góð.

Almenn ánægja var meðal starfsmanna með stjórnendur skólans. Bent var á að aðgengi að stjórnendum væri gott og þeir tækju því mjög vel þegar leitað væri til þeirra. Starfsfólkið upplifir góðan faglegan stuðning og að vel sé tekið á málum sem upp koma. Þá var bent á jákvætt viðhorf stjórnenda til einstaklinga sem skapaði vellíðan og traust. Einnig að stjórnendur væru duglegir að hrósa sem yki starfsánægju.

Það sem vel hefur tekist og það sem betur mætti fara

Niðurstöður úr þessum lið voru fengnar út spurningalistakönnun sem lögð var fyrir kennara vorið 2008 og í kaffihúsamati haustið 2007:

Í könnuninni voru kennararnir spurðir hvað þeim fannst hafa tekist vel á skólaárinu og voru þar nefndir þættir eins og samstarf milli kennara, samstarf kennara og stjórnenda, skipulag kennslu og verkleg námskeið fyrir kennara. Margir tóku fram að þemadagar, vordagar og jólasveinaleikar hafi tekist afar vel og eins var óvissuferð, Evrópuverkefni og söguramma nefnt. Almennt kom fram að kennurum fannst skólaárið hafa gengið vel.

Í kaffihúsamatinu kom fram að almennt nýttust fastir samstarfstímar kennarateymunum vel. Þar voru flestir hóparnir á því að bæta mætti upplýsingaflæðið. Bent var á að stjórnendur mættu senda fleiri tölvupósta til dæmis varðandi skipulag á fundum og voru hóparnir sammála um að tölvupóstur nýttist vel til að koma upplýsingum á framfæri. Einnig kom fram ábending um að gott væri að setja daglegt skipulag upp á töflu á starfsmannastofu með áriðandi tilkynningum og passa að aðgreina þær frá öðrum auglýsingum. Bent var á nauðsyn þess að koma upplýsingum um sérþarfir nemenda á framfæri sem fyrst í byrjun skólaárs og að nauðsynlegt væri að þær næðu til allra kennara. Minnt var á mikilvægi góðs upplýsingaflæðis á milli umsjónarkennara og annarra kennara. Einhverjum fannst kennarafundir of fáir og einnig vildi einn hópurinn fjölga starfsmannafundum. Í spurningakönnuninni kom fram að töluvert hefði vantað upp á upplýsingaflæðið fyrri hluta vetrar en það hefði verið bætt eftir kaffihúsamatið.

Nokkrar ábendingar komu fram í kaffihúsamatinu er varða samstarf kennara. Hjá þremur hópum kom fram að fastir samstarfstímar innan árganga væru að nýtast vel. Fram kom að samstarf á unglingastigi þyrfti að vera meira og að erfitt væri að finna tíma til að hittast. Einnig kom fram að ákveðin hætta væri á því að sérgreinakennarar einangrist og að það vantaði betra flæði á milli þeirra og umsjónarkennara. Hjá tveimur hópum kom fram að mikill tími færi í námskeið. Í spurningakönnuninni kom fram sú ósk hjá nokkrum kennurum að blanda bekkjum á þemadögum. Einnig kom ábending um að betur mætti aðstoða nýtt fólk við að setja sig inn í hlutina, önnur um að taka þurfi á slakri umgengni og framkomu nemenda og að huga þurfi að öryggi barna í skólabílnum.

Spurt var um viðhorf til kennslu í náttúrufræði í námskeiðsformi í skólanum og var almennt mikil ánægja með það. Flestir svöruðu því játandi að þeir myndu nota náttúrufræðistofuna sjálfir með sínum nemendum. Stærðfræðiverin þóttu almennt takast mjög vel og var í því sambandi nefnt að verkefnin hefðu verið skemmtileg og nemendur áhugasamir. Kennararnir tóku fram að það hefði verið gott að fá tækifæri til að fylgjast með nemendum að verki.

Styrkleikar, veikleikar, tækifæri og ógnanir varðandi fagmennsku

Niðurstöður í þessum kafla koma úr kaffihúsamatinu:

Þeir styrkleikar sem oftast voru nefnir í hópunum voru góður starfsandi, stærð skólans og góð staðsetning hans og það að skólinn sé ungur og því geti starfsmenn komið að mótun hans og uppbyggingu. Einnig var bent á að vel væri tekið á agamálum og erfiðum nemendum. Það var líka álitid styrkleiki að starfsfólk er vel menntað og stjórnendur starfi sínu vaxnir. Náttúrufræðiáherslan var einnig talinn styrkleiki. Bent var á að metnaður ríki í skólanum. Húsvörður skólans fékk hrós fyrir að ganga í störf og vera þjónustulundaður.

Það var einnig talið til veikleika skólans hvað hann er ungur og ómótaður. Enn væri verið að móta hefðir, venjur og reglur og nemendur væru að fóta sig í nýjum skóla. Bent var á að skólinn væri ekki fullbúinn og tækjakostur því ekki eins og best verður á kosið svo og vinnuaðstaða kennara. Einn hópur taldi að samkennslan væri veikleiki því hún væri ekki fyrir hvern sem er, kostaði mikið skipulag og gæti tekið mikið á. Í öðrum hópi var samkennslan talin veikleiki að því leyti að umsjónarkennarar fylgdu ekki einum hópi í nokkur ár eins og oft er í árgangakennslu og að hún kostaði miklar breytingar á bekkjum. Einn hópur nefndi að einstaklingsmiðun náms gæti verið veikleiki þegar bekkir væru mjög stórir.

Þær ógnanir sem starfsmenn nefndu voru álag og þreyta starfsmanna, of lítill stuðningur við nýja starfsmenn, of fáir skólaliðar, byggingaframkvæmdir á skólalóð, kjarasamningar og óvissa hvað þá varðar og neikvæð gagnrýni frá sumum foreldrum.

Starfsmenn sáu fjölmörg tækifæri fyrir Vatnsendaskóla. Það var talið tækifæri hversu ungur skólinn væri og ómótaður. Andrúmsloftið í skólanum væri þannig að auðvelt væri að koma með nýjar og spennandi hugmyndir og að starfsmenn gætu haft mikil áhrif á starfið og aðstoðað við mótun þess. Umhverfi skólans var talið bjóða upp á mörg tækifæra. Aukið samstarf heimilis og skóla var einnig álitid tækifæri til framfara.

Samantekt á viðhorfum starfsmanna til skólaársins 2007-2008

Langflestir starfsmenn voru ánægðir með skólaárið 2007-2008. Þeim leið vel í vinnunni og voru ánægðir með starfsandann og stjórnendur. Á fyrri hluta skólaársins vantaði talsvert upp á upplýsingaflæði á milli starfsmanna skólans en úr því var bætt eftir kaffihúsamatið um haustið. Kennarateymin nýttu yfirleitt fasta samstarfstíma vel en þó voru einhver teymi sem

ekki náðu að hittast. Kennarar í unglingsdeild náðu lítið að hittast og það sama má segja um sérgreinakennara. Starfsmenn töldu að styrkleikar skólans væru margir og má þar helst nefna að skólinn er ungur og ómótaður og andrúmsloft er jákvætt og því hafa starfsmenn tækifæri til að koma að mótun starfsins. Það hvað skólinn er ungur var einnig álitnið viss veikleiki þar sem enn væru reglur og venjur ómótaðar og nemendur væru að fóta sig á nýjum stað. Sumir töldu að samkenntan væri veikleiki. Stórir bekkir voru taldir ógnun svo og álag á kennara en starfsmenn sáu ýmis tækifæri fyrir skólann því vel væri tekið í allar nýjar hugmyndir og umhverfi skólans væri sérstakt.

2.2 Viðhorf kennara til endurmenntunarnámskeiðs veturinn 2007-2008

Spurningakönnun var lögð fyrir alla kennara skólans þar sem viðhorf þeirra var kannað til endurmenntunarnámskeiðsins veturinn 2007-2008. Flestir kennarar sem svöruðu könnuninni töldu að markmiðum með námskeiðinu hafi verið náð og sögðu að þeir hefðu haft af því gagn. Það voru aðallega sérgreinakennarar sem ekki töldu námskeiðið hafa nýst sér þar sem tengingu við sérgreinar vantaði. Leiðbeinendur á námskeiðinu fengu almennt góða umsögn. Helst komu fram ábendingar um að námskeiðið hefði náð of langt fram á vorið og því hafi verið erfitt að koma fyrir uppgjöri á verkefnavinnunni vegna mikilla anna, svo sem vinnu við námsmat. Þá komu fram þau sjónarmið að það hefði vantað meiri kynningu á einstaklingsmiðuðu námi og fleiri verkefni frá öðrum skólum.

2.3 Þarfagreining vegna námskeiðs 2008-2009

Spurningakönnun var lögð fyrir kennara skólans til að greina þarfir fyrir nýtt skólaþróunarnámskeið. Kennarar voru spurðir hvaða efnisþætti þeim þætti mikilvægt að taka fyrir í námskeiðinu. Flestir tóku fram að mikilvægt væri að fara í mismunandi kennsluaðferðir í náttúrufræði (einkum eðlisfræði), stærðfræði og útikennslu miðað við einstaklingsmiðað nám og í tengslum við nærumhverfi skólans og að skoða dýra og plöntulíf við Elliðavatn. Ennfremur að farið væri betur í einstaklingsmiðað nám, framkvæmd,

námsmat og ábyrgð nemenda. Þá komu fram óskir um að farið væri í samþættingu námsgreina og þá einkum samþættingu náttúrufræði og sérgreina (listgreina).

Aðspurðir um vinnufyrirkomulag töldu flestir að verklegt námskeið í litlum hópum nýttist best. Fram kom sú hugmynd að hægt væri að skipta í hópa eftir árgöngum þannig að árgangateymin ynnu saman. Einnig kom fram hugmynd um að hafa leshringi.

2.4 Upplifun og viðhorf foreldra

Þátttakendur í rýnihópnum voru í heildina nokkuð ánægðir með Vatnsendaskóla. Vel var látið af starfsfólki og stjórnendum og samskiptum heimila og skóla almennt. Þátttakendur voru enn fremur ánægðir með upplýsingaflæði frá skólanum fyrir utan að þeir vildu að kennarar nýttu möguleika Mentors betur. Allir voru sammála um að þeir fengju gott viðmót í skólanum og töldu að börnunum þeirra liði almennt vel í skólanum.

Spurt var um nám, kennslu og námsmat og var í því sambandi bent á að námið væri ekki nægilega einstaklingsmiðað þegar um væri að ræða getumikla nemendur. Enn fremur kom fram að það vantaði meiri eftirfylgni varðandi mál þeirra nemenda sem sérstaka aðstoð þurfa. Flestir í rýnihópnum voru ánægðir með prófafyrirkomulag í skólanum og voru sammála um að það drægi úr prófstressi hjá nemendum. Einhverjir óttuðust þó að þau byggju nemendur ekki nægilega vel undir menntaskóla þar sem við tækju hefðbundin próf. Þátttakendur töldu að börnunum líkaði prófafyrirkomulagið vel.

Agamál og samskipti nemenda voru til umræðu og í flestum tilfellum virtust þau í góðu lagi og skólinn fékk hrós fyrir að leysa farsællega úr málum. Í einum árgangi höfðu þó verið að koma upp agavandamál og fannst hlutaðeigandi foreldrum ekki tekið nægilega á þeim. Kom fram ósk frá foreldri um að skólinn léti vita í tíma ef upp kæmu agavandamál svo foreldrar gætu gripið inn í sem fyrst og að gott væri að upplýsa foreldra um framgang agamála.

Allir foreldrarnir í rýnihópnum höfðu heyrt óánægjuraddir hjá sínum börnum varðandi skólamatinn. Nefndu þau að börnunum þætti hann stundum vondur og/eða ólystugur og þegar eitthvað gott væri í matinn þá fengju þau ekki nóg. Foreldrarnir sjálfir töldu að maturinn væri ekki nægilega hollur og að of mikið væri af unnum matvælum. Ekki vissu allir foreldrar að boðið hefði verið upp á grænmetisbar í hádeginu síðastliðinn vetur en aðrir höfðu heyrt vel af honum látið hjá börnunum.

Þátttakendur voru beðnir um að draga fram helstu styrkleika skólans. Einn þátttakandi nefni einstaklingsmiðaða námið í því sambandi. Annar nefndi stjórnendur og kennara og fleiri tóku undir það. Tveir nefndu góðan anda og vellíðan barnanna í skólanum sem styrkleika. Á meðan sumir töldu það vera einn af styrkleikum skólans hversu fljótt og vel vandamál væru leyst voru aðrir ósáttir við hversu langan tíma tæki að fá úrlausn mála. Nokkrir þátttakendur töldu þetta brýnasta vandamálið sem leysa þyrfti og var í því sambandi bent á að foreldrar þyrftu stöðugt að vera að fylgja málum eftir.

Tveir foreldranna vildu að náttúran í kringum skólann yrði betur nýtt til kennslu þar sem skólinn væri með sérstakar náttúrufræðiaherslur. Aðrir þátttakendur töldu þó skólann vera að gera vel í þessum efnum. Þá lýsti eitt foreldrið yfir miklum áhyggjum af skólaakstri. Snerust þær áhyggjur um stopular ferðir og slæmar aðstæður á stoppistöðvum bílanna. Að lokum hafði einn þátttakenda heyrt að fyrir dyrum stæðu ákveðnar breytingar á kennsluskipulagi skólans og var hissa á að skólinn væri ekki búinn að kynna þær breytingar áður en þær hefðu farið að spyrjast út.

3. Umbótaáætlun og framkvæmd umbóta

Í þessum kafla verður sett fram umbótaáætlun og fjallað um framkvæmd þeirra umbóta sem nauðsynlegar eru í Vatnsendaskóla í kjölfar sjálfsmatsins veturinn 2007-2008. Sjá einnig áætlun um umbætur í töflu í fylgiskjali 6. Efnisatriði byggjast á matsspurningunum.

3.1 Viðhorf starfsmanna til skólaársins 2007-2008

Helstu niðurstöður:

Starfsfólki líður vel í skólanum og er ánægt með starfsanda og stjórnendur. Flest kennarateymin nýta samstarfstíma vel en þó eru einhver sem eiga erfitt með að finna tíma til að hittast. Kennarar í unglingadeild eiga erfitt með að finna tíma til samstarfs og ákveðin hætta er á að sérgreinakennarar einangrist. Bæta má upplýsingaflæði t.d. með töflu og tölvupóstum. Sumir líta á samkennslu árganga sem veikleika

Áætlun um umbætur og framkvæmd:

- Fastir samstarfstímar í töflu hjá teyllum, kennurum á unglingastigi og sérgreinakennurum:

Fastir tímar voru settir í töflu um áramótin 2007-2008.

- Aukið upplýsingaflæði:

Upplýsingaflæði var bætt eftir kaffihúsamatið haustið 2007. Sett var upp tafla á starfsmannastofu og aðstoðarskólastjóri skrifar alla atburði vikunnar og kennarar bæta við upplýsingum frá sér. Að auki voru tölvupóstsamskipti á milli stjórnenda og starfsmanna eflað. Í viðtölum við starfsfólk vorið 2008 kom fram að þessar aðgerðir hafa reynst vel.

- Skoða kennslufyrirkomulagið út frá niðurstöðum sjálfsmats fyrstu þrjú skólaárin:

Vorið 2008 var ákveðið að breyta kennslufyrirkomulaginu í skólanum þannig að nemendum yrði skipt í bekkir eftir aldri. Jafnframt var ákveðið að samkennsla yrði hjá nemendum í 1.-6. bekk í náttúru- og samfélagsfræði. Kennarar viðkomandi árganga sáu um skipulag samkennslunnar. Þessi breyting var kynnt fyrir kennarafundi, foreldraráði og á opnum fundi

með foreldrum vorið 2008 auk þess sem tölvupóstur var sendur heim til allra foreldra. Ákvörðunin byggðist á eftirfarandi þáttum sem fram komu í sjálfsmati:

- a) Líðan nemenda. Þeim líður betur í sinni heimastofu en þegar farið er í aðrar stofur.
- b) Kennarar vilja hafa betri yfirsýn yfir stöðu nemenda í sínum umsjónarþekki.
- c) Kennurum fannst hópaskipting sem fylgdi samkenndu hafa áhrif á sveigjanleika varðandi tímastjórnun og vildu geta haft meiri sveigjanleika með hvernig þeir notuðu tímann inni í þekki.
- d) Samkenndu talin veikleiki af sumum á kaffihúsafundi.

3.2 Einstaklingsmiðað nám

Helstu niðurstöður:

Kennarar voru ánægðir með áherslu skólans á einstaklingsmiðað nám og samstaða var um að halda áfram á þeirri braut. Gætir enn óöryggis hjá sumum kennurum um hvað einstaklingsmiðað nám er.

Áætlun um umbætur og framkvæmd:

- Leggja áfram áherslu á einstaklingsmiðað nám í endurmenntun kennara:

Ákveðið var að halda enndurmenntunarnámskeið um einstaklingsmiðað nám og náttúrufræðikennslu veturinn 2008-2009. Námskeiðið er í umsjón Ingvars Sigurgeirssonar prófessors við HÍ.

3.3 Námskeið um einstaklingsmiðað nám og náttúrufræði

Helstu niðurstöður:

- Almenn ánægja kennara með námskeiðið. Sérgreinakennurum fannst námskeiðið ekki nýtast þeim sem skyldi. Námskeiðið náði of langt fram á vor. Meiri kynningu vantaði á einstaklingsmiðuðu námi

Áætlun um úrbætur og framkvæmd:

Hér var um lokamat á þessu námskeiði að ræða og í kjölfar mats var ákveðið að halda annað endurmenntunarnámskeið veturinn 2008-2009 með áherslu á einstaklingsmiðað nám, náttúrufræði og útikennslu.

3.4 Þarfagreining fyrir námskeið um einstaklingsmiðað nám með áherslu á náttúrufræði og útikennslu

Helstu niðurstöður:

Kennarar vilja læra mismunandi kennsluaðferðir í náttúrufræði og útikennslu. Þeir vilja meiri leiðsögn í einstaklingsmiðaðri kennslu. Kennarar telja best að vinna saman í litlum hópum. Þeir vilja samþætta námsgreinar

Áætlun um úrbætur og framkvæmd:

Tekið var mið af ofangreindum ábendingum kennara við hönnun á endurmenntunarnámskeiði veturinn 2008-2009.

3.5 Viðhorf foreldra

Helstu niðurstöður:

Foreldrar ánægðir með skólann og það viðmót sem mætir þeim í skólanum og með samskipti almennt. Þeim finnst börnunum sínum almennt líða vel í skólanum. Foreldrar eru ánægðir með upplýsingaflæði frá skólanum en vilja að kennarar nýti Mentor betur til að koma á framfæri upplýsingum til þeirra. Foreldrum í rýnihópnum fannst vanta að námið sé nægilega einstaklingsmiðað með tilliti til getumeiri nemenda. Sumum fannst vanta upp á eftirfylgni með nemendum sem þurfa sérstaka aðstoð. Sumir foreldrar telja að öryggi í skólaakstri sé ábótavant. Enn er óánægja með skólamatinn. Skiptar skoðanir á námsmati. Agamál virðast í nokkuð góðu lagi en foreldrar í einum bekk voru þó ekki ánægðir með hvernig takið var á agamálum þar.

Áætlun um umbætur og framkvæmd:

- Hvetja þarf kennara til að nýta Mentor betur.

Kennarar voru hvattir á kennarafundum vor og haust 2008 til að nýta Mentor betur. Allir kennarar á unglíngastigi merkja nú mætingu nemenda sinna samdægurs. Öll heimavinna á unglíngastigi er skráð í Mentor. Öll skrif kennara í dagbækur nemenda eiga að birtast foreldrum.

- Efla þarf áfram einstaklingsmiðað nám og huga að getumiklum nemendum.

Nýtt endurmenntunarnámskeið hófst haustið 2008. Námskeiðið er í umsjón Ingvars Sigurgeirssonar prófessors við HÍ.

- Bæta þarf eftirfylgni með nemendum sem eiga við ákveðna erfiðleika að stríða.

Farið er yfir öll mál sem varða líðan nemenda og námslega stöðu á reglubundnum fundum nemendaverndarráðs. Umsjónarkennarar sækja um aðstoð fyrir sína umsjónarnemendur á sérstökum eyðublöðum sem nemendaverndarráð fer yfir og gerir viðeigandi ráðstafanir. Námsráðgjafi tók til starfa við skólann í fullu starfi hausið 2008.

- Hafa samband við hlutaðeigandi aðila varðandi öryggi barna í skólaakstrinum.

Haustið 2008 hafa verið haldnir þrjú fundir með yfirmanni fyrirtækisins auk þess sem samskipti eiga sér stað oft í viku í gegnum tölvupóst og síma.

- Auka upplýsingaflæði til foreldra varðandi skólamat.

Fulltrúi frá skólamat mætti á kynningarfundum með foreldrum haustið 2008 og kynnti stefnu og þjónustu fyrirtækisins. Einnig kom aðili frá fyrirtækinu á vormánuðum 2008 og ræddi við unglíngabekkina og svaraði fyrirspurnum.

- Auka þarf upplýsingaflæði til foreldra varðandi námsmati.

Námsmatsdagar eru skráðir á skóladagatal 2008-2009 sem birt var á heimasíðu skólans í maí 2008. Skipulag prófa og námsmat er kynnt foreldrum nánar hálfum mánuði fyrir prófatíma með tölvupósti.

- Huga þarf enn betur að agamálum og skólareglum.

Kennarafundur samþykkti skólareglur Vatnsendaskóla í upphafi árs 2008. Sjálfsmatsteymi skólans samdi verklagsreglur til að ná markmiðum sem þar koma fram (sjá fylgiskjal 7).

Viðauki 1 - Umbætur framkvæmdar eftir sjálfsmat 2005-2007

Sjá einnig áætlun um umbætur í töflu í fylgiskjali 6.

Áætlun um umbætur og framkvæmd:

Helstu niðurstöður:

Nemendum líður langflestum vel í skólanum. Litlum hópi nemenda líður illa í skólanum. Nemendum líður best með bekkjarfélögum, í leikfimi, í smiðjum og hjá sínum kennara. Nemendum líður helst illa í búningsklefum, í sundi og í Dægradvöl. Nemendur telja að skólabragur sé góður.

Helstu ábendingar og viðbrögð:

- Marka þarf skýra stefnu í málum er varða velferð nemenda.

Veturinn 2005-2007 unnu kennarar í teyllum að skipulagi verkferla um meðferð eineltismála. Einnig var unnið að þróun skólareglna. Vinabekkjastarfi var komið á 2006-2007 auk þess sem um vorið 2007 var haldin vinavika í skólanum.

- Halda áfram að ræða við nemendur – bekkjarfundir, rýnihópar.

Um þetta var sérstaklega fjallað á kennarafundi þegar niðurstöður könnunar á líðan nemenda voru kynntar. Því var beint til allra umsjónarkennara að hafa reglulega bekkjarfundi þar sem málin væru rædd. Margir voru þegar með reglulega bekkjarfundi en þarna var hrundið af stað átaki sem allir tóku þátt í. Rýnihópar hafa ekki verið haldnir ennþá.

- Skoða þarf sérstaklega líðan í búningsklefum, sundi og Dægradvöl – vinna með viðkomandi starfsmönnum að málinu.

Fjallað var um þetta á kennarafundi haustið 2006 þar sem niðurstöður sjálfsmats voru kynntar og því beint til íþróttakennara að ræða við börnin svo og til umsjónarkennara að hafa þetta til umræðu á bekkjarfundum. Talað var við forstöðumann íþróttamannvirkis þar sem farið var fram á að ætíð væri baðvörður í búningsklefum. Einnig var farið yfir niðurstöður sjálfsmatsins með forstöðumanni Dægradvalar.

Líðan nemenda og viðhorf til skólastarfsins er áætlað að meta aftur vorið 2009. Skoða þarf að halda rýnihópa með nemendum.

Umbætur sem lúta að ábendingum frá starfsfólki:

Helstu niðurstöður:

Starfsfólki líður vel í vinnunni, starfsandi er góður og ánægja er með stjórnendum. Skólabragur er góður. Starfsmönnum fannst upplýsingaflæði til þeirra ekki nógu gott. Ábending kom fram um að starfsmenn þyrftu að passa upp á að vera á sínum svæðum í útivist og þeir þyrftu að drífa sig út um leið og bjallan hringir.

Helstu ábendingar og viðbrögð:

- Bæta þarf upplýsingaflæði til starfsmanna.

Sett var upp tafla á skrifstofu skólans þar sem upplýsingar um veikindi og atburði voru skrifuð dag frá degi. Tölvupóstur var notaður með markvissari hætti til að koma upplýsingum til starfsmanna.

- Fara vel yfir gæslu í útivist með starfsmönnum á kennarafundi og starfsmannafundi.

Farið var yfir þessi mál á kennarafundi og starfsmannafundi og ítrekað síðar á sömu fundum.

Umbætur sem lúta að ábendingum frá foreldrum:

Helstu niðurstöður:

Foreldrar mjög ánægðir með skólann. Þeir eru ánægðir með samskipti við starfsfólk og það viðmót sem mætir þeim í skólanum. Foreldrar eru mjög ánægðir með upplýsingaflæði frá skólanum. Skólabragur góður. Skiptar skoðanir á skólamatnum og greinilegt að huga þarf að því að bæta matinn og framreiðslu hans. Foreldrum var stærðfræðikennslan hugleikin og vildu fá meiri upplýsingar um hana.

Helstu ábendingar og viðbrögð:

- Bæta þarf skólamatinn.

Nýtt eldhús var tekið í notkun haustið 2007 og þá þurfti ekki lengur að koma með matinn upphitaðan. Einnig var boðið upp á grænmetisbar fyrir elstu nemendurna haustið 2006.

- Kynna þarf stærðfræðikennsluna betur en gert er fyrir foreldrum

Á hverju haustið er stærðfræðikennslan kynnt fyrir foreldrum þeirra nemenda sem eru að hefja nám í 1. bekk. Einnig kynna kennarar stærðfræðiverið sérstaklega í tölvupósti til foreldra þegar við á.

Umbætur sem lúta að einstaklingsmiðuðu námi:

Helstu niðurstöður:

Kennarar og foreldrar voru jákvæðir gagnvart einstaklingsmiðuðu námi. Foreldrum fannst barnið þeirra fá nám við hæfi í skólanum. Kennarar töldu sig þurfa aðstoð við að einstaklingsmiða námið. Námið var ekki að öllu leyti einstaklingsmiðað.

Helstu ábendingar og viðbrögð:

- Allir í skólasamfélaginu þurfa að sameinast um ákveðna sýn á einstaklingsmiðað nám. Kennarar fengu utanaðkomandi aðstoð frá sérfræðingum – SRR með endurmenntunarnámskeiði 2007-2008.

Umbætur sem lúta að kennsluskipulagi:

Helstu niðurstöður:

Heldur fleiri börnum leið illa þegar farið var í aðrar stofur en þegar unnið var í heimastofu. Skoðanir kennara varðandi samkennsluna voru skiptar og þeir sáu bæði kosti og galla á fyrirkomulaginu. Skoðanir kennara voru einnig skiptar á því hvort kennslufyrirkomulagið stuðlaði að einstaklingsmiðuðu námi. Kennarar töldu vanta lengri lotur í stundatöflur yngsta stigs. Foreldrar sjáu bæði kosti og galla við samkennslu og vildu meiri upplýsingar.

Helstu ábendingar og viðbrögð:

- Fylgjast áfram með líðan nemenda varðandi það að skipta um stofur. Þeim tilmælum var beint til kennara á kennarafundi þegar niðurstöður könnunar á líðan nemenda var kynnt að fylgjast með þessu.
- Skoða tengsl samkennslu og einstaklingsmiðunar.

Stjórnendur tóku rýnihópaviðtöl með árgangateymum með sérstakri áherslu á að skoða tengsl einstaklingsmiðunar og samkennslu. Áfram var unnið með þetta atriði í sjálfsmati skólans 2007-2008.

- Stundatöflugerð – huga að lengri lotum.

Þetta var gert eins og kostur var við stundatöflugerð fyrir skólaveturinn 2007-2008.

- Kynna samkennslu betur fyrir foreldrum.

Á kynningfundum vorið 2006 og vorið 2007 fyrir foreldra verðandi nemenda í 1. bekk var fyrirkomulag samkennslu sérstaklega kynnt. Einnig var það kynnt fyrir foreldrum nýrra nemenda í skólanum.

Fylgiskjal 1**Uppgjör á endurmenntunarnámskeiði skólaárið 2007-2008****Vinsamlegast svarið spurningunum og setjið í hólf Birnu fyrir 11. júní.**

___ sérgreinakennari ___ yngri barna kennari ___ miðstigs kennari ___ unglíngastigs kennari

Til upprifjunar:***Markmið námskeiðsins***

- Efla þekkingu og umræðu um einstaklingsmiðað nám, fjölbreyttar kennsluaðferðir, með sérstaka áherslu á náttúrufræði.
- Skapa vettvang fyrir kennara skólans til að dýpka þekkingu sína á fjölbreyttum og áhugaverðum kennsluaðferðum og skiptast á hugmyndum og skoðunum er varða náttúrufræðinám barna.
- Skapa vettvang fyrir kennara skólans til að þróa leiðir til að skipuleggja og bæta kennsluhætti í samræmi við hugmyndafræði skólans er varðar útikennslu og náttúrufræði.
- Kynna áhugaverð verkefni úr öðrum skólum sem leggja áherslu á náttúrufræði

Dagskrá námskeiðsins:

16 ágúst: Gunnar Börkur og Hlín Helga: Kynning námskeiðsins og inngangsfyrirlestrar: Einstaklingsmiðað nám, kennslufyrirkomulag/valsvali, teymisvinna kostir og gallar. Gunnhildur Óskarsdóttir: Náttúrufræðikennsla í grunnskóla.

29. ágúst: Gunnar Börkur og Hlín Helga: Útikennsla.

12. september: Stefán Bergmann: Útikennsla í líffræði.

17. október: Guðbjörg Pálsdóttir: Kynning, útistærðfræði.

7. nóvember: Hlín Helga og Gunnar Börkur: Farið yfir námskeiðið og verkefni lagt fyrir kennara.

13. febrúar: Hlín Helga og Gunnar Börkur; Skilafundur á verkefnum sem kennarar vinna með nemendum út frá námskeiðum haustsins.

2. apríl: Gunnar Börkur og Hlín Helga: Leggja inn verkefni sem tengjast nánasta umhverfi Vatnsendaskóla. Kennarahópar fara út og leggja drög að verkefni sem þeir vinna í vor.

2. maí: Helgi Grímsson: Útiverkefni með áherslu á eðlisfræði.

28. maí: Gunnar Börkur og Hlín Helga: Uppgjör á verkefnavinnu sem unnin var úti.

1. Hvernig finnst þér að umsjónarmönnum námskeiðsins hafi tekist að ná ofangreindum markmiðum?
2. Hvaða gagn hafðir þú af námskeiðinu?
3. Hvað finnst þér að hafi mátt betur fara á námskeiðinu og af hverju?

Fylgiskjal 2

Kópavogur 12. febrúar 2008

Menntamálaráðuneytið
Endurmenntunarsjóður grunnskóla

Styrkumsókn

Vatnsendaskóli sækir hér með um styrk til að halda endurmenntunarnámskeið fyrir kennara og annað starfsfólk skólans skólaárið 2008-2009. Efni námskeiðsins verður *einstaklingsmiðað nám með áherslu á náttúrufræði og útikennslu*. Áætlað er að námskeiðið verði haldið í Vatnsendaskóla og byrji á starfsdögum skólans að hausti og því ljúki á vordögum. Reiknað er með að næsta vetur starfi 30 kennarar við skólann auk annars starfsfólks sem gætu verið um 15 manns. Þátttakendur á námskeiðinu yrðu því um 45 manns.

Markmið námskeiðsins

Vatnsendaskóli leggur áherslu á einstaklingsmiðað nám með áherslu á náttúrufræði, stærðfræði og útikennslu og er námskeiðinu ætlað að styrkja kennara og starfsfólk í þessum þáttum. Skólinn er nú á sínu þriðja starfsári og hefur mikil mótunarvinna farið fram á fyrstu árum skólans. Við teljum mjög mikilvægt að fá utanaðkomandi aðila inn í skólann með námskeið til að stuðla að því að við höfum sömu sýn á mikilvægi viðfangsefna og hvernig best er að nálgast þau.

Skólaárið 2007 – 2008 er Vatnsendaskóli með endurmenntunarnámskeið í samvinnu við Kennaraháskóla Íslands. Námskeiðið byrjaði á haustdögum og stendur allan veturinn. Á því námskeiði er horft til einstaklingsmiðunar náms og í því sambandi er lögð áhersla á fjölbreytta kennsluhætti. Sérstaklega er horft til þemavinnu, svæðavinnu, náttúrufræði, stærðfræði og útikennslu. Ýmsir aðilar koma inn í skólann með fyrirlestra og vinna kennarar verkefni með nemendum í tengslum við þær heimsóknir. Það námskeið sem hér er sótt er um styrk fyrir og ætlunin er að halda næsta skólaár yrði í beinu framhaldi af ofangreindu námskeiði og er því ætlað að styrkja kennara enn betur í að framfylgja skólastefnu Vatnsendaskóla.

Skipulag námskeiðsins

Stefnt er að því að ráða umsjónarmann námskeiðsins sem verður í samskiptum við stjórnendur skólans, fyrirlesara og þátttakendur. Hans hlutverk er líka að halda utan um öll gögn og skráningu varðandi námskeiðið.

Við sjáum fyrir okkur að skipulag námskeiðsins yrði á eftirfarandi máta:

Fyrirlestrar að hausti:

Einn

skipulagsdagur að hausti verður tekinn undir fyrirlestra um einstaklingsmiðað nám og fjölgreindarkenningu Gardners. Einnig yrðu umræður starfsfólks í hópum um efni fyrirlestra og kynning á niðurstöðum umræðanna. Fyrirlesarar leggja til lesefni á leshringfundum.

Leshringir:

Ken

nurum verður skipt í hópa sem fá ákveðið lesefni. Hóparnir hittust þrisvar sinnum á haustönn og bera saman bækur sínar. Einn stór hópfundur verður síðan haldinn í lok haustannar þar sem

fulltrúar frá hópunum segja frá umræðum hvers hóps. Stóra fundinum verður stjórnað af fyrirlesurum haustannar.

Námskeiðsdagar:

Tveir fyrirlestrar um náttúrufræðikennslu með áherslu á eðlis- og efnafræði og hvernig hægt er að tengja þessi viðfangsefni við daglegt líf og umhverfi nemenda. Í kjölfarð eiga kennarar að útbúa verkefni og leggja fyrir nemendur.

Verkstæði:

Fyrirlesarar koma tvisvar í skólann þar sem þeir fara yfir hvernig til tókst með verkefnin og aðstoða kennara við að undirbúa næstu verkefni fyrir nemendur.

Samantekt og úrvinnsla:

Hver kennari skrifar greinargerð þar sem hann segir frá því hvaða gagn hann hafði af námskeiðinu og hvað hefði mátt betur fara. Niðurstöður greinargerðanna verða hluti af sjálfsmati skólans.

Kostnaðaráætlun

Við gerð kostnaðaráætlunarinnar er stuðst við skipulag námskeiðsins eins og það er tíundað hér að ofan og verð á einingum er það verð sem greitt er fyrir námskeiðið sem haldið er á núverandi skólaári. Kostnaður vegna lesefnis og aksturs er áætlað útfrá fjölda starfsfólks og hugsanlegum fjölda ferða fyrirlesara miðað við ofangreinda námskeiðsáætlun.

Umsjón og eftirfylgni	55 kennslustundir @ 6.500 kr.	357.500.-
Fyrirlestrar	18 kennslustundir @ 14.400 kr.	259.200.-
Lesefni	45 manns @ 3000 kr.	135.000.-
Akstur fyrirlesara	10 ferðir @ 2000 kr.	20.000.-
	<u>Kostnaður samtals krónur:</u>	<u>771.700.-</u>

Ábyrgðarmenn

Ábyrgðarmenn námskeiðsins verður Guðrún Soffía Jónasdóttir skólastjóri Vatnsendaskóla og Birna Huguín Bjarnardóttir deildarstjóri.

Með vinsemi og virðingu,
F.h. Vatnsendaskóla
Birna Huguín Bjarnardóttir
deildarstjóri í Vatnsendaskóla

Fylgiskjal 3

Starfsmannasamtöl

Markmið:

- Að styrkja tengsl milli starfsmanns og yfirmanns.
- Að ræða frammistöðu starfsmanns, hrós og endurgjöf.
- Að ræða framtíðaráform starfsmanns og starfsþróun.
- Að setja markmið fyrir komandi misseri, þar sem það á við.
- Að greina þörf fyrir þjálfun og setja fram áætlun um hana.

Framkvæmd: Miðað er við að starfsmaður Kópavogsbæjar fái eitt starfsmannasamtal á ári við næsta yfirmann sinn á tímabilinu janúar- apríl. Samtalið á að vera faglegt og uppbyggilegt þar sem hafður er í huga bættur starfsárangur fyrir báða aðila og gagnkvæm upplýsingamiðlun.

Yfirmaður stjórnar samtalinu og er ráðlagt að taka það á hlutlausum og rólegum stað, í fundarherbergi eða utan vinnustaðarins. Áætlaður tími á samtalið er 40-60 mínútur.

Yfirmenn halda undirbúningsfund með starfsfólki sínu nokkru áður en starfsmannasamtölin hefjast til þess að kynna fyrir fólki með hvaða hætti samtölin fara fram og réttindi og skyldur aðila gagnvart þeim.

- Yfirmaður boðar hvert samtal með viku fyrirvara og afhendir um leið starfsmanni undirbúningsblöðin.
- Yfirmenn nota þar til gerð eyðublöð fyrir starfsmannasamtölin. Hægt er að nálgast eyðublöð hjá starfsmannadeild og á vef Kópavogsbæjar en einnig er leyfilegt að nota eyðublöð hverrar stofnunar eða deildar.
- Ef ræða þarf ítarlega einstök málefni eru yfirmenn hvattir til þess að skipuleggja annan tíma fyrir þau.
- Ef annar eða báðir aðilar óska eftir því að þriðji aðili sé viðstaddur ber að taka tillit til þess.
- Samtali lýkur þegar stjórnandi hefur dregið saman niðurstöður á þar til gerð eyðublöð og bæði stjórnandi og starfsmaður gefið samþykki með því að kvitta undir.
- Samtalið er gott tæki til að þarfagreina fræðslu og þjálfun fyrir starfsfólk fyrir símenntunaráætlun þeirra. Það er mikilvægt að yfirmenn átti sig fyrst á þörfum heildarinnar á þjálfun og fræðslu áður en er farið út í að þarfagreina einstaka starfsmenn. Símenntun á að endurspeglar þessar sameiginlegu þarfir.

Eftirfylgni:

Starfsmaður og yfirmaður bera báðir ábyrgð á því að fylgja niðurstöðum eftir með þeim verkferlum sem lagðir eru fram í samtalinu. Yfirmenn kynna heildarniðurstöður samtalanna á starfsmannafundi og koma sameiginlegum verkefnum/markmiðum starfsmannahópsins í ákveðinn farveg.

Nánari upplýsingar um framkvæmd starfsmannasamtala veitir símenntunarfylltrúi, netfangið er iva@kopavogur.is

Starfsmannasamtal

Stjórnendur afhenda starfsmanni þessi undirbúningsblöð og leiðbeiningar viku fyrir samtalið.

Starfsmannasamtal er gott **tæki** til að hafa áhrif á eigið starf og starfsþróun.

Starfsmannasamtal er ekki launaviðtal. Ef starfsmaðurinn óskar eftir að ræða um laun sín verður að finna annan tíma fyrir það.

Nafn:	kt.:
Samtalið fer fram þann:	kl. Staður:

Mikilvægt er að undirbúa sig vel fyrir samtalið og hugleiða m.a. eftirfarandi þætti: Hvað þú gerir vel, hvað þú mættir bæta, líðan í starfi, starfsþróun, fræðsluþarfir og fl. Eftirfarandi spurningar eru til að vekja til umhugsunar þá megin þætti er koma að starfinu, ekki er þörf á því að svara þeim öllum, einungis taka leiðbeinandi punkta með sér fyrir samtalið.

Starfsmaðurinn:

Hver er þinn helsti styrkleiki/veikleiki í starfi?

Hvað í starfinu er hvetjandi/letjandi?

Er eitthvað sem þú þarft að læra betur til að verða öruggari í starfi?

Er starfssvið þitt nægilega skýrt?

Hvernig sérðu fyrir þér starfsþróun þína í framtíðinni?

Verkefni/ábyrgðarsvið:

Hefur þú þá sérfræðipækkingu og reynslu sem starfið krefst?

Eru verkefnin nægilega krefjandi fyrir þig?

Nærð þú tökum á þeim verkefnum sem þér eru falin?

Hvað hefur áhrif á það hvernig þér tekst til í starfi?

Hvernig gætir þú bætt eigin frammistöðu?

Vinnustaðurinn og vinnuaðstaða:

Hvernig er starfsandinn og vinnustaðamenningin?

Hvernig er vinnuaðstaðan þín?

Er eitthvað sem vantar í vinnuaðstöðu þína svo verkefni gangi betur?

Er eitthvað sem þarf að gera svo starfsemin gangi betur fyrir sig?

-skipulag

-þjálfun starfsfólks

-starfsaðstaða

-flöskuhálsar

Samskipti á vinnustað:

Hvernig eru samskipti við aðra starfsmenn?

Hvernig eru samskipti við stjórnendur?

Hvernig eru samskipti við þá sem þú þjónustar?

Stjórnun:

Er aðgengi að stjórnendum og upplýsingum nægjanlegt?
Hvernig eru samskiptin við næsta yfirmann?
Eru stjórnendur opnir fyrir tillögum og athugasemdum?
Færð þú nægjanlega endurgjöf fyrir frammistöðu?

Starfsþróun og fræðsla:

Færð þú að sýna hvað í þér býr í þessu starfi?
Hvert stefnir hugurinn faglega/persónulega?
Eru fyrirsjáanlegar breytingar á verkefna- og ábyrgðarsviði þínu?
Hefur þú áhuga að taka að þér ný verkefni?
Hvaða hæfni þarft þú að þróa?
Hvaða fræðslu eða símenntun telur þú þig þurfa til að viðhalda þekkingu þinni og hæfni næsta árið?

Minnispunktur fyrir viðtalið

Starfsmannasamtal

Frammistöðumat starfsmanns

Farðu í gegnum eftirfarandi flokka sem eru settir fram til leiðbeiningar fyrir starfsmannasamtalið. **Skilaðu punktunum til þíns yfirmanns tveim dögum fyrir samtalið.** Yfirmaðurinn mun nota punktana til að undirbúa sig fyrir samtalið, til að glöggva sig á starfi þínu og frammistöðu.

Mat þitt á eigin frammistöðu út frá eftirfarandi þáttum.

1. Hverjir eru þínir styrkleikar/veikleikar?

2. Þekkir þú þær kröfur sem eru gerðar til þín?

3. Hvað veitir þér mesta ánægju í starfi?

4. Hvað í starfinu virkar hvetjandi/letjandi á þig?

Þessar upplýsingar hefur yfirmaðurinn til viðmiðunar í starfsmannasamtalinu.

Fylgiskjal 4**Mat á starfi skólans skólaárið 2007-2008**

Vinsamlegast svarið spurningunum báðum megin á blaðinu og setjið í hólf Birnu fyrir 11. júní.

___ sérgreinakennari ___ yngri barna kennari ___ miðstigs kennari ___ unglingsstigs kennari

1. Hvað fannst þér takast vel á skólaárinu?
2. Finnst þér eitthvað hafa mátt fara betur, ef svo hvað?
3. Var eitthvað sem þér fannst vanta?
4. Hvernig fannst þér að fá kennslu í náttúrufræðistofu í námskeiðsformi?
Hvað var gott? Var eitthvað sem hefði betur mátt fara?
5. Stefnir þú á að nota náttúrufræðistofuna sjálf/-ur með nemendum þínum næsta haust?
6. Hvernig fannst þér stærðfræðiverin takast? Hvað var gott? Var eitthvað sem hefði betur mátt fara?
7. Annað sem þú vilt koma á framfæri varðandi skólaárið 2007-2008:
8. Hugmyndir sem þú vilt koma á framfæri vegna komandi skólaárs:

Fylgiskjal 5

Endurmenntun skólaárið 2008-2009

Næsta vetur stendur til að fá Ingvar Sigurgeirsson prófessor úr KHÍ til að aðstoða okkur að tvinna saman endurmenntunarnámskeið og skólaþróunarverkefni.

Yfirskrift verkefnisins er "*einstaklingsmiðað nám með áherslu á náttúrufræði og útikennslu*".

Við leggjum mikla áherslu á að allir fái sem mest út úr svona vinnu og því teljum við mjög mikilvægt að fá að vita hug þinn.

Vinsamlegast svarið spurningunum og setjið í hólfið Birnu fyrir 11. júní.

___ sérgreinakennari ___ yngri barna kennari ___ miðstigs kennari ___ unglingastigs kennari

4. Hvaða efnispætti telur þú mikilvægt að taka fyrir í þessu verkefni?

5. Af hverju telur þú efnispættina sem þú nefnir í fyrstu spurningu mikilvæga?

6. Hvernig vinnufyrirkomulag telur þú að henti best í þessu verkefni?

(Allur kennarahópurinn saman, minni hópar, leshringir, verkleg námskeið,).

7. Af hverju telur þú vinnufyrirkomulagið sem þú nefnir í þriðju spurningu henta best?

5. Annað sem þú vilt koma á framfæri varðandi verkefnið "*einstaklingsmiðað nám með áherslu á náttúrufræði og útikennslu*".

Fylgiskjal 6
Rammi fyrir umbótaáætlun 2005-2007

Matspáttur	Helstu niðurstöður	Áætlanir um umbætur	Hvenær endurmetið?
Skólabyrjun og skólabragur Nemendur	<ul style="list-style-type: none"> Nemendum líður langflestum vel í skólanum Litlum hópi nemenda líður illa í skólanum Líður best með bekkjarfélögnum, í leikfimi, í smiðjum og hjá sínum kennara Líður helst illa í búningsklefum, í sundi og í Dægradvöl Skólabragur góður 	<ul style="list-style-type: none"> Marka þarf skýra stefnu í málum er varða velferð nemenda Halda áfram að ræða við nemendur – bekkjarfundir, rýnihópar Ath. líðan í búningsklefum, sundi og Dægradvöl – vinna með viðkomandi starfsmönnum að málinu 	Maí 2009
Skólabyrjun og skólabragur Líðan starfsfólks og upplifun	<ul style="list-style-type: none"> Starfsfólki líður vel í vinnunni starfsandi góður og ánægja með stjórnendur Skólabragur góður Upplýsingaflæði til starfsmanna ekki nógu gott Starfsmenn þurfa að dreifast betur í útivist 	<ul style="list-style-type: none"> Bæta þarf upplýsingaflæði til starfsmanna Fara vel yfir gæslu í útivist með starfsmönnum á kennarafundi og starfsmannafundi 	Vor 2008
Skólabyrjun og skólabragur Viðhorf foreldra	<ul style="list-style-type: none"> Foreldrar mjög ánægðir með skólann Eru ánægðir með samskipti við starfsfólk og það viðmót sem mætir þeim í skólanum Eru mjög ánægðir með upplýsingaflæði frá skólanum Skiptar skoðanir á skólamatnum Skólabragur góður 	<ul style="list-style-type: none"> Halda áfram að koma skilaboðum til fyrirtækisins Skólamatur – fundur með öðrum skólastjórum Nýtt eldhús tekið í notkun haustið 2007 – þarf ekki að koma með matinn tilbúinn lengur Grænmetisbar fyrir alla nemendur 	Vor 2008
Einstaklingsmiðað nám	<ul style="list-style-type: none"> Kennarar og foreldrar jákvæðir gagnvart einstaklingsmiðuðu námi Foreldrum finnst barnið þeirra fá nám við hæfi í skólanum Kennarar telja sig þurfa aðstoð við að einstaklingsmiða námið Námið ekki að öllu leyti einstaklingsmiðað 	<ul style="list-style-type: none"> Allir í skólasamfélaginu þurfa að sameinast um ákveðna sýn á einstaklingsmiðað nám – námskeið á vegum SRR Kennarar fá utanaðkomandi aðstoð frá sérfræðingum - SRR 	Vor 2008

Kennsluskipulag	<ul style="list-style-type: none"> Heldur fleiri börnum líður illa þegar farið er í aðrar stofur Skoðanir kennara skiptar, ákveðnir gallar Foreldrar sjá kosti og galla við samkennslu, vilja meiri upplýsingar 	<ul style="list-style-type: none"> Fylgjast áfram með líðan nemenda varðandi það að skipta um stofur Skoða tengsl samkennslu og einstaklingsmiðunar Stundatöflugerð – passa samliggjandi tíma Kynna betur fyrir foreldrum 	Vor 2008
-----------------	--	---	----------

Rammi fyrir umbótaáætlun 2007-2008

Matspáttur	Helstu niðurstöður	Áætlanir um umbætur	Hvenær endurmetið?
Viðhorf starfsmanna	<ul style="list-style-type: none"> Starfsfólki líður vel í skólanum - ánægja með andrúmsloft, samskipti og samvinnu Auka þurfi upplýsingaflæði Sum teymi ná ekki að hafa fasta samstarfstíma og unglíngakennarar hittast lítið Sérgreinakennar gætu einangrast Skoða þarf kennsluskipulagið 	<ul style="list-style-type: none"> Auka upplýsingaflæði: Upplýsingatafla, tölvupóstur og fundir Festa þarf samstarfstíma teyma og unglíngadeildarkennara Endurskoða samkennslu 	Vor 2009
Viðhorf og upplifun foreldra	<ul style="list-style-type: none"> Foreldrar ánægðir og finnst nem. líða vel Vantar upp á einstaklingsmiðun – getumiklir nem. Vantar upp á eftirfylgni með nemendum sem þurfa sérstaka aðstoð Finnst öryggi í skólaakstri ábótavant og enn er einhver óánægja með skólamatinn Skiptar skoðanir á námsmati og agamálum 	<ul style="list-style-type: none"> Hvetja kennara til að nýta Mentor betur Efla áfram einstaklingsmiðað nám Auka eftirfylgni með nemendum með erfiðleika Hafa samband við hlutaðeigandi aðila varðandi öryggi barna í skólaakstrinum Auka upplýsingaflæði til foreldra varðandi breytingar, s.s. á skólamat og námsmati Huga sérstaklega að agamálum 	Vor 2009
Einstaklingsmiðað nám	<ul style="list-style-type: none"> Gætir enn óöryggis hjá sumum kennurum um hvað einstaklingsmiðað nám er Vantar einstaklingsmiðað námsmat 	<ul style="list-style-type: none"> Leggja áfram áherslu á einstaklingsmiðað nám í símenntun kennara Þróa einstaklingsmiðað námsmat 	Vor 2009

Námskeið um einstaklingsmiðað nám og náttúrufræði	<ul style="list-style-type: none"> • Almenn ánægja kennara með námskeiðið • Sérgreinakennurum fannst námskeiðið ekki nýtast þeim sem skyldi • Námskeiðið náði of langt fram á vor • Meiri kynningu vantaði á einstaklingsmiðuðu námi 	<ul style="list-style-type: none"> • Nýtt símenntunarnámskeið um einstaklingsmiðað nám og útikennslu 	Lokamat
Þarfagreining fyrir námskeið um einstaklingsmiðað nám með áherslu á náttúrufræði og útikennslu	<ul style="list-style-type: none"> • Kennarar vilja læra mismunandi kennsluaðferðir í náttúrufræði og útikennslu • Fá meiri leiðsögn í einstaklingsmiðaðri kennslu • Telja best að vinna saman í litlum hópum • Vilja samþætta námsgreinar 	<ul style="list-style-type: none"> • Taka mið af ábendingum kennara þegar námskeiðið er skipulagt 	Vor 2009

Fylgiskjal 7

Skólareglur	Aðgerðir	Mat
1. Við sýnum hvert öðru virðingu, kurteisni og tillitssemi.	<ul style="list-style-type: none"> • Skólareglur sýnilegar í öllum stofum. • Starfsfólk sýnir gott fordæmi 	<ul style="list-style-type: none"> • Sjálfsmatsteymi ð athugar í byrjun hverjar annar hvort skólareglur séu uppi.
2. Nemendum ber að hlíta fyrirmælum starfsmanna skólans.	<ul style="list-style-type: none"> • Skólareglur sýnilegar í öllum stofum. • Samræmd fyrirmæli varðandi húfur, tyggjó og i-pota. 	<ul style="list-style-type: none"> • Rýnihópur starfsfólks í lok hverjar annar.
3. Nemendum ber að mæta stundvíslega í allar kennslustundir. Forráðamenn nemenda skulu tilkynna forföll þeirra á skrifstofu skólans fyrir kl. 08:10 alla daga sem nemandi er veikur.	<ul style="list-style-type: none"> • Virkt mætingakerfi á öllum aldurstigum. • Kennarar skrá mætingu samdægurs í mentor. • Ritari hringir heim í þá sem ekki eru mættir. • Umbun birt í formi mætingareinkunnar á námsmatsblaði. 	<ul style="list-style-type: none"> • Mætingarlistar í mentor. • Mætingaeinkunnir á námsmatsblaði.
4. Nemendur ganga vel og snyrtilega um húsnæði skólans og eigur hans, svo sem bækur og önnur kennslugögn, kennsluáhöld og húsgögn.	<ul style="list-style-type: none"> • Fjölnotabækur strikamerktar og lánaðar út í gegnum bókasafnskerfið. • Allir setja stólana sína 	<ul style="list-style-type: none"> • Gengið á eftir bókum sem skila sér ekki aftur í bókasafnskerfið. • Deildastjórar veita verðlaun

	<p>undir borð fyrir frímínútur, fyrir hádegismat og í lok kennsludags.</p> <ul style="list-style-type: none"> Nemendur taka upp rusl af gólfi í lok kennsludags. 	<p>fyrir snyrtilegar stofur á hverju stigi fyrir sig.</p>
<p>5. Notkun reiðhjóla, línuskauta, hjólabretta og hlaupahjóla er bönnuð á skólalóðinni á skólatíma.</p>	<ul style="list-style-type: none"> Starfsólkið upplýst um reglurnar og stendur saman vörð um að þeim sé framfylgt. Spurning um að skólinn eigi hjólalása og læsi hjólum sem notuð eru á skólatíma, s.b.r GSM símar sem eru teknir. 	<ul style="list-style-type: none"> Rýnihópur starfsfólks í lok hverjar annar. Kennarafundur.
<p>6. Notkun GSM síma er bönnuð í 1.-7. bekk á skólatíma. Nemendur í 8.-10. bekk mega ekki nota GSM síma í kennslustundum en utan kennslustunda er notkun þeirra leyfð.</p>	<ul style="list-style-type: none"> Brjótí nemandi þessa reglu verða foreldrar að sækja símann í skólann í lok skóladags, sbr. það sem kemur fram í reglunni sjálfri. 	<ul style="list-style-type: none"> Rýnihópur starfsfólks í lok hverjar annar. Kennarafundur.
<p>7. Nemendur mega ekki yfirgefa skólalóðina á skólatíma nema með sérstöku leyfi kennara eða annarra starfsmanna skólans.</p>	<ul style="list-style-type: none"> Allir starfsmenn spyrja barn á leið af skólalóð á skólatíma hver hafi gefið þeim leyfi. 	<ul style="list-style-type: none"> Rýnihópur starfsfólks í lok hverjar annar. Kennarafundur.

